



CELESTINE
LIGHT

Boðorðin Tólf

- 1** Færðu Elohim þakkir frá þínum dýpstu hjartarótum fyrir allar þeirra gjafir; og í göfugu skyni skaltu biðja fyrir réttlátum þörfum þínum, í æðruleysi og með heiðarleika, og þær skulu uppfylltar verða séu þær í samræmi við Guðs áform.
- 2** Þú skalt ekki tilbiðja, né biðja til, né dýrka falsguði eða skurðgoð, eða menn eða ríkisstjórnir eða konunga, eða anda eða engla, eða nokkuð eða nokkurn í tilvist, annan en Elohim.
- 3** Þú skalt yfir höfuð ekki bölvva eða blóta eða leggja nafn Elohims við hégóma; heldur temja þér ljúft lunderni, með því bölvun er óeðlislæg anda þínum.
- 4** Mundu að halda Hvíldardaginn heilagan. Sex daga vikunnar máttu vinna og fá öllum verkum þínum áorkað, en sjöundi dagurinn er dagur Elohims. Á þeim degi skaltu ekki vinna, heldur hópast saman með Börnum Ljóssins svo að þið getið frætt og glatt hvert annað, endurnýjað sáttmála ykkar og deilt vísdomi frá Guði og af Himnaljóssins braut. Og skal þetta vera dagur fyrir fjölskyldumeðlimi til að koma saman og tala hver við annan, og veita hver öðrum fulla áheyrn og trúnað, til styrkingar vináttu þeirra og ástar. Og skal þetta vera dagur til að sækja heim hof Guðs: fjöllin, höfin, auðnirnar, skógana og öll þau undur er Elohim hafa skapað handa þér; svo að þú getir íhugað leið þína í lífinu og orðið verðugri erfingi Himnaríkisins. Og síðan skal þetta vera dagur lærdóms og bænna, hugleiðslu og íhugunar, sáttmála og iðrunar, endurnýjaðs ásetnings, og dagur allra hluta hollra, hvílandi og endurnærandi, er gera þér gott og gera þig nákomnari Guði og fjölskyldu þinni.
- 5** Þú ert hof Guðs. Þú skalt ekki óhreinka hof þitt að innanverðu né utanverðu, heldur halda því hreinu og tæru svo að Himnaljósið Elohims geti ljómað þig upp.
- 6** Þú ert útsendari Elohims; þú skalt ætíð kosta kapps að vera verðugur fulltrúi almættisins svo að aðrir sjái ljós sálar þinnar og vegsami Drottin. Vertu auðmjúkur í hjarta og auðugur í anda. Gerðu góðverk og vertu sáttasemjari. Hafðu andstyggð á yfirdrepsskap og álygum. Settu ekki sjálfan þig á stall en lofaðu aðra. Sjáðu ávinninginn í erfiðleikum þínum. Vertu skjótur að fyrirgefa og seinn að reiðast. Eigðu ekkert við hina hrokafullu saman að sælda, heldur vingastu við hina lítillátu og réttlátu. Dæmdu ekki aðra og láttu stillingar og jafnvægis gæta í þönkum þínum og gjörðum. Hækkaðu ekki raust þína í óréttlátri reiði né æstu til ofríkis í máli eða gjörð. Í öllum kringumstæðum, komdu fram við aðra eins og þú vildir að þeir kæmu fram við þig.
- 7** Þú skalt ekki girnast, né vera fégráðugur, né stela, né vera óheiðarlegur, né misnota aðra á nokkurn hátt; né safna verðmætum í þessum heimi umfram þarfir þínar. Gefðu umframfé þitt til uppbyggingar Ríkis Guðs og Barna Ljóssins, og safnaðu fjársjóðum í Himnaríki en ekki á jörðu niðri.



CELESTINE LIGHT

8 Þú skalt ekki drýgja hór, né halda fram hjá, né á nokkurn hátt misnota börn.

9 Elskaðu náunga þinn, og bræður þína og systur Ljóssins, þrátt fyrir alla þeirra lesti, líkt og Elohim elska þig þrátt fyrir alla þína lesti. Gerðu örlætisverk og hugulsemi fyrir samferðafólk þitt á lífsins leið, líkt og þú vildir að þau gerðu þér. Berðu ekki ljúgvitni né róg gegn þeim, né baktalaðu þau við aðra. Hafirðu yfir einhverju að kvarta, skaltu ræða málin með þeim í ást og friði, en ekki reiði.

10 Heiðraðu föður þinn og móður, líkt og þau hafa heiðrað þig með tíma sínum og fórn og uppfóstrun. Elskaðu þau til æviloka og er þau taka að eldast, skaltu annast þau líkt og þau hafa annast þig.

11 Þú skalt ekki myrða né limlesta; þar eð, þú skalt ekki alvarlega meiða né taka líf nokkurs, nema svo sé til varnar lífshættulegri árás á þig, fjölskyldu þína eða heimili. Og skaltu ekki drepa til áts nokkurt dýr, né fugl, né sjávardýr af heitu blóði er annast ungvíði sitt, nema yfir gangi hungursneyð eða drepsótt, og engan mat sé að finna í garðinum og búrið sé tómt. Og skaltu ekki til liðs ganga við heri er heyja stríð í öðrum löndum, en eingöngu verjast árásum á þitt eigið land og þá aðeins eftir að öll virðingarverð friðarráð hafa þrotið. Og neyðistu til að enda líf af einhverjum þessara saka, skaltu hreinsa hjarta þitt fyrir Guði, með föstu og bæn, og búa yfir ástríku og friðsælum anda, fyrr þú fæti stígur að nýju inn fyrir Drottins dyr.

12 Vertu góður og dyggur umsýslumaður Jarðarinnar og allra lífvera hennar. Þennan fallega heim hafa Elohim gefið þér svo að þú getir fundið allt sem þú þarfnast. Þiggðu þessa dýru gjöf sem þér hefur verið gefin, verndaðu hana, margfaldaðu hana og arfleiddu afkomendur þína að enn dýrari gjöf.